

## Ræða forsætisráðherra og formanns Sjálfstæðisflokksins á landsfundi 27. mars 2003.

Landsfundarfulltrúar, ágætu flokkssystkini og gestir, góðir áheyrendur, kæru vinir.

Senn hefst 35. landsfundur Sjálfstæðisflokksins. Landsfundir eru okkur sjálfstæðisfólki töluvert tilhlökkunarefni og í mínum huga eru þessar samkomur sannkallaðir fagnaðarfundir.

Hvaðanæva af landinu koma landsfundarfulltrúar, til að skiptast á skoðunum, takast á, leiða mál til lykta og fínþússa stefnuna til framtíðar. En fyrst og síðast komum við til að treysta gömul bönd, bjóða nýja landsfundarfulltrúa velkomna - til að þetta hópinn og efla samheldni okkar og baráttuhug. Og það er við hæfi í fundarbyrjun að horfa yfir sviðið, sjá hvað ber hæst í innanlandsmálum og á erlendum vettvangi. Og skörp eru skilin að þessu sinni. Það er bjart yfir íslenskum þjóðmálum um þessar mundir. Vonir ríkar og væntingar miklar og tækifærin blasa við, hvert sem litið er.

Það glampar líka um hitt sviðið. En það er önnur birta. Þar rignir eldi og brennisteini, enda stendur yfir stríð í Írak. Harðstjórinn í Írak horfir úr hýði sínu í þann eld og hræðist. Hann hefur safnað glóðum elds að höfði sér um langt árabil. Hálf milljón barna hefur látist á rúmum áratug í ranni Saddams Husseins. Annar eins barnadauði þekkt aðeins í vanþróuðustu og fátækustu ríkjum heims. En meðan börnin deyja byggir Saddam hallir í tuga tali. Og samt leiða menn hans fréttamenn að rúmum barna í sjúkrahúsum til að reyna að varpa rýrð á frelsisherinn sem kominn er til að flæma óvættin frá völdum. Fimmtíu prósent atvinnuleysi er í landinu og sextíu prósent þjóðarinnar er háð matargjöfum í þessu einu ríkasta landi veraldar. Við Íslendingar vonuðum í lengstu lög að íraksstjórn myndi virða ákvörðun Sameinuðu þjóðanna um að afvopnast. Sú von brást. Og þegar Öryggisráðið var komið í fullkomna sjálfheldu varð að bregðast við og annað hvort standa við stóru orðin eða gefast upp. Bandamenn tóku þann kostinn sem útheimti kjark, staðfestu og fórnir.

Og við Íslendingar höfum tekið afstöðu í þessu máli. Við höfum tekið afstöðu með írösku þjóðinni og gegn einræðisherranum. Við höfum tekið afstöðu með anda ályktana hinna Sameinuðu þjóða gegn manningum sem ber ábyrgð á hundruð þúsunda mannlífa, sem hefur verið fórnað á altari valda hans. Ég vona að Íslendingar muni ætíð hafa burði og styrk til að taka afstöðu með lögreglu og slökkviliði þegar kæfa þarf elda sem brenna á saklausum og góma þarf brennuvarga sem valdið hafa hörmungum og skaða.

Við höfnum þeim kosti að vera í hópi þjóða, sem lýstu bak við tjöldin yfir stuðningi við bandamenn, en óskuðu nafnleyndar til að losna við óþægindi heima fyrir. Og ég er ekki í neinum vafa um að íslenska ríkisstjórnin gerði það, sem var bæði rétt og ærlegt. Við vonum öll að stríðið fái skjótan endi, svo uppbyggingarstarfið megi hefjast sem fyrst. Því fyrst og síðast felst okkar afstaða í að hjálpa þessari þjóð til sjálfshjálpar og að hún fá notið lands síns og þeirra miklu gæða sem það hefur upp á að bjóða. Svo börnin fái von og vinnufúsar hendur fái að byggja upp raunverulegt líf og varanlega framtíð, án ótta við ofsóknir.

Þótt Íraksstríðinu sé ekki enn lokið eru úrslit þess ráðin. Dagar Saddams eru taldir. Eftir það verður friðvænlegra í heiminum og öryggi vex í þessum heimshluta. Þá geta menn vonandi snúið sér af alvöru að illvígum og erfiðum deilum Ísraels og Palestínanna. Hitt er annað mál að það líður vart sá dagur að ekki blossi upp skærur, smáar og stórar hér og hvar um

víða veröld. Eldri menn muna vel að stríðsmenn í Asíu fóru huldu höfði í skógum í áratugi eftir lok síðari heimsstyrjaldar og fréttu ekki að hildarleiknum væri löngu lokið. Um þetta orti Tómas:

„Öðru hverju í afskekktum frumskógi  
austur í löndum hittast menn,  
sem fóru í mannsaldur huldu höfði  
og halda að styrjöldin geisi enn.

Oss finnst að sjálfsögðu furðu gegna  
slík fávísi, en hvað um alla þá,  
sem enn þá trúa því fullum fetum  
að friður sé löngu kominn á?”

Við munum lengi enn búa við óvissu, og öfl sem einskis svífast, þótt köldu stríði sé lokið og sjálf tilurð jarðlífsins hangi ekki á bláþræði eins og stundum virtist forðum tíð. Þess vegna leggjum við áherslu á veruna í Nató, þess vegna fögnum við stækkun bandalagsins og þess vegna leggjum við áherslu á að tryggja innihaldsríkt og gagnkvæmt varnarsamstarf við Bandaríkin.

Ísland hefur enga ástæðu til að óttast alþjóðlegt samstarf og gengur til þess á jafnréttisgrundvelli, hvað sem líður stærðarmun þjóða. Reynslan hefur sannað að velgengni í viðskiptum og framfarir í vísindum og verkmenningu nærast á nánum samskiptum okkar við umheiminn. Einangrunarstefna, hverju nafni sem hún nefnist, er því andstæð hagsmunum okkar. Við eigum að horfa fordómalaust til allra átta og leitast við að koma okkur vel og njóta bestu kosta alls staðar en forðast að binda okkur nokkurs staðar á klafa. Fjarlægð og fámenni geta einstaka sinnum orðið okkur til frádráttar. En við bætum það þá bara upp með því að vera snarari í snúningum en aðrar þjóðir, fljótari en aðrar að tileinka okkur nýjungar og með því að tryggja okkar fólki og fyrirtækjum skilyrði, sem eru jafngóð eða betri en gerast hjá þeim þjóðum sem best gera nú. Skattar eru sjálfsagðir og óhjákvæmilegir fylgifiskar nútímaþjóðfélags og það eru opinberar reglur og eftirlit líka. En sköttum og skrifræði verður að stilla í hóf, ef vel á að fara.

Það gleður okkur mörg að jafnvel vinstri flokkarnir eru farnir að viðra sig utan í skattalækkanir og hafa meira að segja sumir reynt að koma því inn hjá fólki að skattalækkanir, sem við höfum beitt okkur fyrir, séu í raun skattahækkanir! Við fögnum þessari umræðu þótt skrýtin sé. Kannski ganga þeir götuna á enda og segja næst að sífelldar skattahækkanir R-listans í Reykjavík hafi verið dulbúnar skattalækkanir eftir allt saman.

Hvað hefur verið gert í skattamálum? Tekjuskattur einstaklinga hefur verið lækkaður um fjögur prósent á árunum 1997 til 1999. Þegar vinstri stjórn komst síðast til valda hér á landi árið 1988 var hlutfallið 28,5%. Þegar sú stjórn fór frá hafði hún hækkað hlutfallið í 32,8%. Persónuafsláttur er nú að fullu millifæranlegur á milli hjóna og sambúðarfólks. Skattlagning húsaleigubóta hefur verið afnumin og hátekjuskatturinn svokallaði hefur verið lækkaður úr sjö prósentum í fimm prósent og viðmiðunarmörkin hafa verið hækkuð. Eignarskattar einstaklinga og fyrirtækja hafa verið lækkaðir um helming og við skulum minnst þess að þriðjungur lækkunar eignarskattsins rennur til þess fólks sem er 67 ára og eldra. Frítekjumörk í eignarskatti einstaklinga hafa verið hækkuð um 20 prósent og fasteignagjöld

á landsbyggðinni lækkuðu árið 2001 með breyttum viðmiðunarreglum. Tekjuskattur fyrirtækja var 50 prósent árið 1990 en hefur verið lækkaður í 18 prósent og þrátt fyrir svo mikla lækkun skilar sá skattur nú tvöfalt meiri tekjum í ríkissjóð en áður. Aðstöðugjaldið var afnumið og virðisaukaskattur á matvælum var lækkaður úr 24,5 prósentum í 14 prósent.

Þrátt fyrir þetta er því haldið fram að ríkisstjórnin hafi hækkað skatta. Hvað hefði verið sagt ef skattaprósentur, matarskatturinn, eignaskatturinn, sérstaki eignaskatturinn og allt hitt væri óbreytt? Það hlyti að hafa þýtt stórkostlega skattahækkun. Við trúðum því sem við sögðum, að minni skattur á fólk og fyrirtæki myndi leiða til aukinna fjárfestinga og umsvifa í landinu og þar með gera okkur kleift að sinna betur en áður sameiginlegum verkefnum þjóðarinnar. Og sú hefur orðið raunin. Þetta virðast vinstri menn eiga ómögulegt með að skilja. Það var rétt dæmið sem tekið var á dögum: Ef fargjöld með áætlunarbílum væru stórlækkuð, þannig að farþegum fjölgaði svo að tekjur ykjast en minnkuðu ekki, væri þá rétt að tala um fargjaldahækkun? Auðvitað ekki. Hins vegar hefðu fargjaldatekjur aukist. Við hvað eru þær heilasellur að fást sem geta ekki komið jafn auðveldum hlutum heim og saman? Það er að minnsta kosti eins gott að slíkar sellur fái ekki flóknari verkefni að eiga við í nánustu framtíð.

Einn af aðaltalsmönnum Samfylkingarinnar Össur Skarphéðinsson að nafni, sagði fyrir fáeinum dögum: „Sjálfstæðisflokkurinn sendir kerfisbundið út þá þjóðsögn að Davíð Oddsson hafi lækkað tekjuskatta. Þetta er rangt.”

Við sem hér sitjum vitum að það er ekki heil brú í þessu hjá talsmanninum. En hvernig getum við gert honum það ljóst? Við vitum að hann er ekki veikur fyrir staðreyndum, svo það er til lítils að benda á þær. Hann segist ekki trúa Geir og því síður mér. En kannski trúir hann Stöð 2 og hugsanlega trúir hann sjálfum sér, sem sýnir þá að hann er maður sem fylgir ekki straumnum. En það vill nefnilega svo til að þessi sami talsmaður sagði á sínum tíma eftirfarandi á Stöð 2. Orðrétt sagði Össur: „Í þessu þensluástandi sem núna ríkir þá tel ég það vera mikil mistök hjá ríkisstjórninni að lækka skatta yfir línuna, líka þeirra sem höfðu enga þörf fyrir slíkt og nota þetta sem kaupmáttarauka til þess að eyða í innfluttan lúxus.”

Þetta er athyglisverð lýsing. Össur segir ríkisstjórnina hafa lækkað skatta yfir línuna. Hann bætir því við að það séu mikil mistök að hafa lækkað skatta yfir alla línuna og að fólkíð noti bara skattalækkunir í einhverja vitleysu. Var hann ekki að tala um einhverjar skattalækkunþjóðsögur nú fyrir nokkru?! Ég viðurkenni að það er erfitt að fylgjast með öllu og muna allt sem sagt er í þjóðfélaginu, en talsmaður Samfylkingarinnar man ekki einu sinni hvað hann hefur sjálfur sagt sem ætti þó að vera lágmark.

En þótt talsmenn vinstri flokkanna virðist trúa því að skattalækkun þýði skattahækkun, þá látum við það ekki á okkur fá. Svo hefur verið búið í haginn í þessu landi núna, að tryggja má samfelldan hagvöxt um árabíl, ef réttilega er á haldið. Það mun gagnast ríki og sveitarfélögum sem er gott. En það á að gagnast fleirum en opinberum aðilum. Við viljum skila þessum árangri beint til fólksins í landinu. Aðrir telja þetta ekki rétta tímunn, rétt eins og Samfylkingartalsmaðurinn sem mótmælti skattalækkunum hástöfum fyrir fáeinum árum og segir nú að hann hafi verið að berjast við þjóðsögu. Þá er nú skár að slást við vindmyllur. Við teljum okkur hinsvegar geta fært góð og gild rök fyrir því að beinlínis sé æskilegt að grípa til skattalækkana á næstu árum. Tekjuskattshlutfallið er nú 25,75% og hefur reyndar aldrei verið lægra, þótt skoða verði það með hliðsjón af útsvarinu, sem er 12,8%. Það

meðalútsvar, 12,8%, skilar sveitarfélögum jafn háum tekjum og 27,75% tekjuskattur skilar ríkissjóði vegna þess að persónuafsláttur er dreginn frá tekjuskattinum en ekki útsvarinu.

Lækkun tekjuskatts mun hafa jákvæð áhrif á vinnuframboð og draga með þeim hætti úr vissum óæskilegum verðbólguáhrifum. Hún gefur færi á að sníða agnúa af núverandi skattkerfi, draga úr jaðaráhrifum án þess að veikja um of stöðu ríkisins. Þegar framkvæmdir verða sem mestar, þarf auðvitað að draga úr útgjöldum og er fólkinu í landinu jafn vel ef ekki betur treystandi fyrir því en stjórnámálamönnum.

Hvar munum við sjálfstæðismenn bera niður í skattalækkun, er spurt. Við viljum lækka tekjuskatt um 4% á kjörtímabilinu. Við viljum afnema eignarskatt algerlega. Við viljum lækka um helming virðisaukaskatt á matvæli, bækur, húshitun, rafmagnskostnað og öðru sem tilheyrir lægri virðisaukaskattsþrepi. Við viljum hækka barnabætur um 2000 milljónir króna. Við viljum helminga öll skattþrep erfðafjárskatts, þannig að almennt þrep verði aðeins 5% og að fyrstu milljónirnar verði erfðaskattlausar. Og við viljum auka skattfrelsi vegna viðbótar framlaga í lífeyrissparnað. Hingað til höfum við ekki lofað beinum skattalækkunum fyrir kosningar en höfum lækkað þá samt. Það þýðir að hér er um bein loforð okkar að ræða, sem við efnum fáum við til þess styrk. Því má treysta. Við erum nefnilega ekki aðeins umræðustjórnámálamenn heldur fyrst og síðast athafnastjórnámálamenn.

Auðvitað þarf af framangreindri ástæðu og almennum efnahagslegum ástæðum að hafa vakandi auga á útgjöldum. Það höfum við leitast við að gera á sem flestum sviðum. Það hefur ekki komið í veg fyrir að stór og merkileg skref hafa verið stigin í velferðarmálum, heilbrigðismálum og mennta- og menningarmálum. Aðferðarfræðin í samskiptum við hópa í velferðarkerfinu hefur algjörlega verið brotin upp. Ríkisstjórnin og samtök aldraðra settust niður í mikla vinnu til að fara yfir kjör og aðstæður þessa hóps, gagngert til að eyða misskilningi og setja niður deilur og gefa forsvarsmönnum aldraðra kost á því að hafa áhrif á ákvarðanatökuna á undirbúningsstigi, en ekki bara á lokamínútunum eins og of lengi hafði tíðkast. Niðurstaðan var sameiginleg tillaga, ákveðin sáttargjörð til nokkurs tíma, sem vissulega kostar ríkissjóð mikla fjármuni en styrkir óneitanlega stöðu aldraðra verulega á mörgum sviðum. Ég tel að ríkisstjórnin hafi haft gott af þessu nána samstarfi við samtök aldraðra og vænti þess að hér hafi aðeins verið um byrjun að ræða. Nýlega birtist árangur af vinnu og samráðsferli heilbrigðisráðuneytisins og Öryrkjabandalagsins, sem staðfest var í ríkisstjórninni sl. þriðjudag. Enn verður að viðurkenna að útgjöldin verða mikil, en á móti kemur að forsvarsmenn öryrkja og ríkisvaldsins hafa saman mótað nýja stefnu, sem góð sátt er um. Og er rík ástæða til að fagna því. Fjarri mér er að halda því fram að endanleg lausn sé fundin í málefnum þessara hópa. En mikil vinna, sameiginleg nálgun og þar með vaxandi traust milli aðila hefur miðað öllum töluvert fram á veg. Það er sannarlega mikið fagnaðarefni.

Það kemur ekki af sjálfu sér að geta nú með trúverðugum og traustvekjandi hætti heitið því að gera hvort tveggja í senn, að hefja þriðja áfanga skattalækkanuferilsins og styrkja um leið stöðu aldraðra, öryrkja og þeirra sem treysta á góða heilbrigðisþjónustu og félagslega velferð. Þannig hefur verið haldið á ríkisfjármálum á undanförunum árum, að ríkissjóður er nú burðugri en hann hefur lengi verið og það þótt 50 milljarðar króna hafi verið settir til hliðar til að stoppa upp í lífeyriskerfi sem ríkið bar ábyrgð á og hafði verið látið reka á reiðanum í áratugi. Ríkissjóður er nú jafnan rekinn með afgangi, öfugt við það sem gerist í flestum löndum Evrópusambandsins til að mynda. Alþjóðlegar stofnanir setja nú Ísland í

sama flokk og Bandaríkin, þegar þær mæla lánstraust þjóðanna út á við. Það er hæsta einkunn sem gefin er. Hagtæknum, sem þykja nú flest ber súr, ofbýður svo hve íslenska þjóðin kemur vel út á alla hefðbundna mælikvarða sem notaðir eru, að þeir reyna nú í öngum sínum að hanna nýja mælikvarða til að sýna fram á að hinn íslenski árangur sé ekki jafngóður og erlendir einkunnargjafar telja. Þeir tilburðir eru brotlegir en gera engum skaða.

Góðu landsfundarfulltrúar.

Nú standa fyrir dyrum mestu framkvæmdir Íslandssögunnar. Þar hafa flokkarnir, sem standa að ríkisstjórninni, unnið markvisst saman og margir komið við sögu. Formenn stjórnarflokkanna ákváðu að þá orku sem beisluð yrði á Austurlandi, skyldi einkum nota til að styrkja atvinnulífið á því svæði, þótt framkvæmdin myndi auðvitað gagnast allri þjóðinni. Frá þeirri ákvörðun var aldrei hvikað. Iðnaðarráðherrarnir Finnur Ingólfsson og Valgerður Sverrisdóttir og flestir þingmenn hins nýja kjördæmis hafa unnið mjög gott verk, sem og forystumenn Landsvirkjunar og markaðsskrifstofu að ógleymdum sveitarstjórnarmönnum og baráttujöxlum á Austfjörðum, sem rekið hafa trippin og hvergi dregið af sér. Allt þetta góða fólk á þakkir skildar. Hinu er ekki að leyna að margt gott fólk telur einnig að of miklu sé fórnað eða til kostað. Við skulum ekki gera lítið úr málstað eða áhyggju þess fólks. Við berum auðvitað öll umhyggju fyrir umhverfi og fegurð þessa stórbrotna lands, þótt til séu þeir sem vilja gera sumum okkar upp neikvæðar hvatir og saka okkur jafnvel um fjandskap gegn landinu. Sem betur fer, er ekki lengur ráðist í nokkra framkvæmd sem nemur í þessu landi án þess að huga út í æsar að áhrifum á náttúrufar, gróður og fegurð landsins. Er miklum tíma og fjármunum varið til slíkra athugana og er ekki hægt að segja að illa sé farið með það fé. Þekking og skilningur á umhverfismálum hefur sem betur fer aukist. Af þeim sökum eru fjölmargar arðvænlegar framkvæmdir nú óhugsandi sem áður hefðu sjálfsagt þótt koma til álita. Og þótt kostirnir við einstakar framkvæmdir sem ákveðnar eru, séu taldir miklu meiri en ókostirnir, þá er þess gætt við allar framkvæmdir að varanlegur skaði sé sem allra minnstur. Íslendingar eru með nýtingu náttúrugæða sinna að skjóta æ fleiri stöðum undir velferð sína og efnahag. Þess vegna er okkur ekki eins hætt við jafn djúpum niðursveiflum og áður var. Það eykur stöðugleika og vekur tiltrú og öryggi.

Góðir sjálfstæðismenn.

Svo virtist í upphafi þessarar kosningabaráttu að ákveðið hefði verið að beina henni fyrst og fremst að persónu minni og gera hana sem tortryggilegasta. Persónupólítík er svo sem ekki skemmtileg til lengdar, en ég get ekki algjörlega neitað því að þessir tilburðir höfðu sínar góðu hliðar, þótt málatalilbúnaðurinn væri lítilfjörlegur. Þessi ákvörðun benti ótvírætt til að ekki litist andstæðingum okkar á að kljást við málefnastöðu okkar sjálfstæðismanna eða ríkisstjórnarinnar og bera saman orð og efndir. Stjórnsmál snúast auðvitað um völd í þeim skilningi, að menn þurfa að hafa traust, afl og styrk til að koma fram stefnumiðum sínum og til að efna loford sem gefin hafa verið fólkinu í landinu. En valdið hefur einnig aðrar hliðar. Það má nota valdið til að draga úr því sjálfu. Og það er akkúrat það sem við höfum verið að leitast við að gera. Ný stjórnsýslulög og ný upplýsingalög hafa styrkt stöðu borgaranna mikið á kostnað þeirra sem með völdin fara hverju sinni. Núverandi ríkisstjórn hefur höggvið á beinlínu stjórnsmála inn í bankakerfið. Snar þáttur í yfirstjórn efnahagsmála hefur af þessari ríkisstjórn verið fluttur úr forsætisráðuneytinu í Seðlabanka Íslands um leið og sjálfstæði hans hefur verið eflt og svo má áfram telja. Og það sem miklu skiptir og kannski mestu er að sjálfstæðismenn hafa beitt sér fyrir því að skattar hafi verið lækkaðir og lofa nú stórum skrefum til viðbótar í þá átt, í þeim tilgangi að fólkið í landinu ráðstafi meiru af fjármunum sínum sjálf, og þar með er enn dregið úr forræði stjórnsmálamannanna. Það er á

hinn bóginn óþekkt að vinstri stjórn lækki skatta. R-listinn má eiga það að hann lofaði ekki að lækka skatta en hann lofaði á hinn bóginn að hækka þá ekki og sveik það loforð við fyrsta tækifæri sem hann fékk og hefur haldið þeirri iðju áfram. Ellefuföldun á skuldum Reykvíkinga er í raun ávísun á stórfellda skattahækkun í Reykjavík fyrr en síðar. Með sama hætti gerir minnkun ríkisskulda okkur kleift að lækka skatta og boða frekari skattalækkunir. Það er ekki lítið afrek umræðu stjórnámálanna að auka skuldir sveitarfélagsins sem þeim er trúað fyrir ellefufalt á átta árum, meðan athafnastjórnámálamenn sem búa við sama árferði, lækka ríkisskuldir og lækka skatta og boða enn frekari skattalækkun fái þeir stuðning fólksins til frekari verka. Hitt hefur aldrei brugðist, að vinstri stjórn hefur á augabragði breytt kjörseðlum í skattseðla hafi hún fengið tækifæri til. Þeir voru einhvern tímann að segja það andstæðingarnir að það yrði vinstra vor á Íslandi þetta árið. Þessu svaraði skáldið að bragði svona:

„Ríkisstjórn með þrek og þor  
á þjóðráðunum lumar.  
Ef þið kjósið vinstra vor  
verður ekkert sumar.”

Góðir landsfundarfulltrúar.

Við sjálfstæðismenn vitum að góð og traust almenn menntun og í framhaldinu öflug sérfræðimenntun og rannsóknarstarfsemi er lykillinn að velgengni þjóðarinnar þegar til lengri tíma er horft. Hinar miklu framfarir í menntakerfinu á undanförunum árum eru því mikið fagnaðarefni. Framlög til menntamála hafa farið sívaxandi, Háskóli Íslands er að eflast og nýir, öflugir háskólar hafa komið til, sem unga fólkið hefur tekið opnum örmum. Mun sú samkeppni öll vafalaust efla Háskóla Íslands til dáða og þar með verða öllum til góðs.

Stuðningur við vísindarannsóknir og tækniþróun hefur verið markviss og þáttur atvinnulífs og einstaklinga fer vaxandi og það lofar góðu. Með nýrri skipan þessara mála hefur Alþingi nýlega undirstrikað þýðingu þessa málaflokks og sterkur vilji stendur til þess að fylgja þeirri ákvörðun fast eftir.

Þótt nýjar stoðir styrki íslenskt þjóðfélag og vaxtarbroddar séu margir og skapa þurfi frjó skilyrði fyrir nýjar hugmyndir, svo þær megi fá líf, og vaxa síðan og dafna, þá má ekki gleyma hinu sem vel hefur reynst.

Íslenskur landbúnaður tekur miklum breytingum um þessar mundir. Þær eru ekki allar sársaukalausar en algjörlega óhjákvæmilegar við nýtt markaðsumhverfi. Dugandi mannskapur hefur einbeittan ásetning um að stunda þessa atvinnugrein og standa af sér storminn og krefst í rauninni ekki annars en að fá að búa við sanngjörn samkeppnisskilyrði. Slíkar kröfur hljóta menn að geta stutt fordómalaust. Bústólpar landsins ættu að geta reitt sig á það.

Sjávarútvegurinn hefur gengið í gegnum miklar sviptingar á undanförunum árum og höfðu menn vonað að nú fengi hann loks sæmilegan starfsfrið og tóm til að skila miklum verðmætum í þjóðarúið eftir þá sáttargjörð sem náðist. En upp á síðkastið hafa andstæðingar okkar hvað eftir annað, jafnt innan þings sem utan, flutt tillögur, ræður og ályktanir af fullkomnu ábyrgðarleysi í garð þessarar mikilvægu atvinnugreinar. Þær sem oftast hafa heyrst opinberlega ganga út á það, að ríkið taki til sín tíu prósent á ári af

kvótanum. Ekki þarf að orðlengja, hvað slíkar tillögur þýddu í raun, væri reynt að framkvæma þær. Veðhæfni sjávarútvegsins myndi hrynja, ekki um tíu prósent á ári, heldur þegar í upphafi vegna þeirrar óvissu sem hefði skapast. Slíkar hugmyndir geta ekki flokkast undir annað en að vera hreint tilræði við landsbyggðina, sem þarf á öllu öðru að halda um þessar mundir, en því að megin atvinnugreinin þar sé sett í uppnám.

Góðir landsfundarfulltrúar.

Síðasta rúma áratuginn hafa orðið mestu umskipti sem við höfum nokkru sinni orðið vitni að í vegagerð á Íslandi. Og næstu ár er krafturinn í framkvæmdunum enn aukinn og hafa aðrar eins framkvæmdir aldrei sést áður, eins og fyrrverandi vegamálastjóri hefur bent á. Þessi verk munu hafa jákvæð áhrif á atvinnulífið um land allt. Þær eru ekki aðeins atvinnuskapandi um skamma hríð, heldur eru þau liður í því að gera landið allt að einu atvinnu- og þjónustusvæði og jafna aðstöðu dreifbýlis og þéttbýlis. Mun þjóðin lengi búa að þeirri vegagerðarbyltingu sem er að verða á Íslandi.

Góðir landsfundarmenn.

Við getum fært fram og minnst á hvað hefur tekist vel á undanförunum árum. Þar er margt að nefna.

Kaupmáttur hefur vaxið níu ár í röð og hefur aldrei verið hærra á Íslandi. Skattar hafa lækkað, jafnt fyrirtækjaskattar sem skattar á einstaklinga og það hefur verið gert þrátt fyrir áköf mótmæli stjórnarandstöðunnar í hvert eitt sinn.

Framlög til heilbrigðismála hafa aldrei verið hærra og heilbrigðisþjónusta er hér á borð við það besta sem þekkist.

Náðst hafa stórmerkis samningar við samtök aldraðra og samtök öryrkja. Verið er að byggja upp þorsstofninn.

Erlendar fjárfestingar á Íslandi eru meiri en nokkru sinni fyrr.

Verðbólga er mun lægri hér en í Evrópusambandinu og atvinnuleysið aðeins brot af því sem þar er.

Hagvöxtur hefur nú um árabíl verið hér meiri en í nálægum löndum.

Skilyrði til menntunar eru með þeim bestu sem þekkjast.

Alþjóðlegar stofnanir telja Ísland til fyrirmyndar í stjórnsýslu og algjörlega laust við spillingu.

Ríkissjóður er rekinn með afgangi ár eftir ár.

Lánstraust þjóðarinnar hefur aldrei verið hærra.

Vinnufriður hefur verið meiri á þessu skeiði en á nokkrum öðrum tíma í nútímasögu okkar.

Afskipti hins opinbera af atvinnulífi hafa aldrei verið minni.

Ferðaþjónustan hefur styrkst og ferðamönnum fjölgað sem aldrei fyrr.

Þessi atriði eru nefnd af handahófi, því of langt er allt upp að telja. En til hvers er þetta nefnt til sögu? Jú, það er sjálfsagt að gera grein fyrir því sem gerst hefur, svo hægt sé að bera það saman við það sem lofað var á sama tíma.

En erum við með slíkum upprifjunum að biðja fólk að kjósa okkur af framangreindum ástæðum? Nei. Svo merkilegt sem það kann að hljóma, þá erum við ekki að því. Við teljum vissulega að um mikinn árangur sé að ræða, en við lítum hinsvegar fyrst og síðast svo á að þetta sé þjóðarárangur. Á hinn bóginn horfum við til framtíðar og segjum:

- Í fyrsta lagi að nú er lag til að lækka skatta svo um munar.

- Í öðru lagi að hægt er treysta nýja sókn fólks og fyrirtækja innan lands og utan vegna þess umhverfis sem hefur verið skapað og er verið að skapa.
- Í þriðja lagi að hægt er að tryggja áfram, með ábyrgri stjórn, góða afkomu ríkissjóðs með enn minnkandi skuldum og lægri vaxtagreiðslum.
- Í fjórða lagi að hægt er að styrkja stöðu eldri borgara með afnámi eignaskatts og með því að fylgja eftir samningum við samtök þeirra og með því að auka hjálp til þeirra sem búa á eigin heimilum og efla hjúkrunarheimilisþáttinn verulega svo sem þegar hafa verið lögð drög að.
- Í fimmta lagi að hægt er að treysta öflugt atvinnustig með því að fylgja eftir þeirri afstöðu sem ríkisstjórnin hefur haft til fjárfestinga í landinu og með því að tryggja skattaumhverfi sem laðar fjárfesta að.
- Í sjötta lagi að við getum enn eflt menntunarstigið og aukið metnað á því sviði og bætt ytri aðstöðu menntunar um land allt, ekki síst framhaldsmenntunar.
- Í sjöunda lagi að við getum eflt og aukið það orðspor sem af okkur fer, að við séum eitt umhverfisvænsta þjóðfélag í völdum í veröld.
- Í áttunda lagi að við getum komið í veg fyrir að ábyrgðarlaus öfl grafi undan meginstöðum íslensks atvinnulífs.
- Í níunda lagi að við getum enn aukið hlut einstaklinganna á kostnað ríkisvaldsins og hins opinbera.
- og í tíunda lagi getum farið úr sjöunda sæti á listanum yfir þau lönd heims þar sem er eftirsóknarverðast að búa, samkvæmt sérstöku mati Sameinuðu þjóðanna, í topp sætin ef rétt er á málum haldið.

Þetta eru aðeins nokkur áhersluatriði sem ég dreg fram hér í fundarbyrjun. Fleiri munu sjást í okkar landsfundarályktunum. Við erum að segja við þá sem hlusta og ætla að láta málefni ráða afstöðu sinni í vor að kostirnir séu klárir og því ætti valið að vera auðveldara en stundum áður.

Við vitnum vissulega í verk okkar og það sem við teljum að vel hafi tekist. En það gerum við af þeirri ástæðu einni að þau eru öruggust vísbending um að við tökum loforð okkar mjög alvarlega.

Við viljum engu glutra niður sem áunnist hefur. Og við viljum enn síður tapa þeim tækifærum sem við okkur geta blasað. Þeirra vegna segjum við: Verndum árangurinn, töpum ekki tækifærunum. Við eigum allt að vinna - Áfram Ísland.

Þrítugasti og fimmti landsfundur Sjálfstæðisflokksins er settur.